

Hreyfing fyrir alla - Tilraunaverkefni

Árið 2007 munu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Lýðheilsustöð og Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands, standa fyrir tilraunaverkefninu Hreyfing fyrir alla í samstarfi við viðeigandi aðila á tilteknum svæðum.

Markmið verkefnisins er að fjölga tilboðum á skipulagðri hreyfingu fyrir fullorðna og eldra fólk. Ætlunin er að höfða til mismunandi hópa sem stunda ekki reglulega hreyfingu. Hugmyndin er að styrkja starf þjálfara sem hefðu það meginhlutverk að sinna áðurnefndum hópum.

Hér með er óskað eftir umsóknum frá áhugasömum sveitarfélögum og/eða íþróttabandalögum, héraðssamböndum og íþróttafélögum um þátttöku í verkefninu.

Eftirfarandi viðmið verða höfð að leiðarljósi við val á tilraunasvæðum:

- Sveitarfélag er tilbúið að taka þátt í kostnaði vegna þjálfara og aðstöðu.
- Sveitarfélag, heilsugæsla og íþróttahreyfingin á viðkomandi svæði eru tilbúin til að starfa saman að framgangi verkefnisins (ásamt fleiri hagsmunaaðilum eftir því sem við á).
- Fram komi raunhæfar hugmyndir um fyrirkomulag verkefnisins á viðkomandi svæði s.s. hvaða þjónustu væri æskilegt að bjóða upp á og fyrir hverja? Aðgengi að mannvirkjum? Hugmyndir um hvernig væri hentugt að ná til markhópa?

Afar mikilvægt er að verkefnið sé viðbót við þá þjónustu sem þegar er í boði á svæðinu en skerði hana ekki.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október.

Umsóknir skulu berast:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,
b.t. Una María Óskarsdóttir, Vegmúla 3, 150 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veita, Gígja Gunnarsdóttir verkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð (gigja@lydheilsustod.is/580 0900) og Jóna Hildur Bjarnadóttir sviðsstjóri hjá ÍSÍ (jona@isissport.is/514 4000)

